

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 680 30. desember 1981 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum.

1. gr.

Tollskrárnúmer 84.19.10 falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, öðlast gildi 1. apríl 1982.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 172, 20. mars 1980, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Eftirtaldir liðir falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrárn.	Vöruhegund
	Ökutæki til fólksflutninga eingöngu:
úr 87.02.14	Með alhjóladrifi, notuð
87.02.16	Notuð
úr 87.02.19	Önnur, notuð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 25. mars 1982.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.